Minnið og g

'Ég held að vissulega megi skilgreina góða list sem verk sem k listaverk geta gert þetta á mjúkan eða harðan hátt, leiðinlega eins með listaverk og með einstaklinga, almennt er fólk ekki t gegnum sig. Gott listaverk getur glápt til baka á áhorfanda sin og ógnvænlegan persónuleika. Ég held samt að maður sjái al



Án titils *Teikning frá árinu 2004.*

Minnið og gleymskan er hverfipunkturinn í þessu samtali greinarhöfundar við myndlistarmanninn Katrínu Sigurðardóttur. Hún segir þar: „Það að muna og gleyma endurspeglar meðvitund og vitundarleysi, og samspil þessa tveggja er mikilvægt í allri sköpun. Óbilandi traust og dýrkun á meðvitundinni er háskalegt og getur beinlínis sett hömlur á mann. En það má e.t.v. halda því fram að list sé annarskonar meðvitund, önnur leið og ekki síðri til að sortera veruleikann.“

Það er ekki á hverjum degi sem íslenskir listamenn afreka það að komast á spjöld alþjóðlegrar listasögu, en í fjórðu og nýjustu útgáfu „Women Artists“, hinnar kunnu kvennalistasögu Nancy G. Heller, prófessors í listasögu við Listaháskólann í Fíladelfíu, bregður svo við að Katrín Sigurðardóttir er þar komin í hóp nokkurra frábærra starfssystra sinna, sem aukið var við bókina frá fyrri útgáfu.

Þær sem fylgdu Katrínu í fjórðu útgáfuna eru íranska listakonan Shirin Neshat, sem fjallað var um á síðum Lesbókarinnar fyrir nokkrum mánuðum, bandarísku listakonurnar Janine Antoni – sem hlaut alþjóðlega frægð fyrir rúmum áratug í Feneyjum með verki sínu „Lick and Lather“, hvítum brjóstmyndum úr sápu og svörtum úr súkkulaði – og Renée Cox, sem vakti ómælda reiði Rudy Guilianis, borgarstjóra New York, með bersöglum, trúarlegum ljósmyndum sínum – að ógleymdri pakistönsku listakonunni Shahzia Sikander, sem þekkt er fyrir fínleg málverk sín og þrykkmyndir, þar sem hefðbundinni austrænni mógúlhefð er blandað saman við nútímalegt og oft stingandi innihald.

Eftir Halldór Björn Runólfsson
hbr@simnet.is

Þetta er í raun ótrúlegt afrek og til marks um skjótan frama Katrínar á alþjóðlegum vettvangi. Kvennalistasaga Heller, sem rekur sögu kvenkyns listamanna frá tímum endurreisnarinnar fram til okkar daga, er einhver víðlesnasta listasaga sinnar tegundar og þarf ekki annað en vitna í umsögn Camille Paglia, bókmenntafræðingsins margfræga, þar sem hún prísar Heller og áherslur hennar í *Washington Post* fyrir að vera blessunarlega lausar við íþyngjandi tímaleysi femíniskrar þrætubókarlistar.

Millilandaflutningar

Það var ekki auðvelt að ná í Katrínu til að inna hana eftir atvikum, þar sem hún gerði heldur stuttan stans í Reykjavík, á leið sinni austur á Hérað til að taka þátt í sýningunni „Fantasy Island“, sem sett var upp í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, í samvinnu við Skógrækt ríkisins á Hallormsstað, Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri og Eiða ehf., en Hannes Lárusson og Hekla Dögg Jónsdóttir stýrðu með mikilli prýði. Auk Hannesar var Katrín í góðra vina hópi þungavigtarmannanna Elinar Wikström, frá Svíþjóð, Atelier van Lieshout, frá Hollandi, Jason Rhoades og Paul McCarthy frá Bandaríkjunum og Íslendinganna Björns Roths og Þorvalds Þorsteinssonar.

Fyrir sýninguna,, sem ekki lýkur fyrr en í byrjun október, bjó Katrín til verkið „Geymir/Container“, holrými byggt á nákvæmri stækkun á smávölu sem hún fann á förnum vegi í Central Park í New York. Með því að skera og margfalda stækkun völunnar út í frauðplast og steypa í mót varð til innra rými sem Katrín kom síðar fyrir gröfnu ofan í göngustíg í Hallormsstaðarskógi. Sjá má holrýmið að innan gegnum glugga í göngustígnum. Þannig flytur Katrín ákveðið form milli landa, frá einum trjálundinum til annars, frá Central Park, hinum menningarlega skrúðgarði New York-búa, til hins afskekkta skóglendis á Héraði. Einskis vert yrkisefni fundið á einum stað verður að einstæðu og eftirtektarverðu verki á öðrum stað. Þessi umskipti eru nokkuð dæmigerð fyrir list Katrínar og nálgun hennar á viðfangsefni sínu. Oftar en ekki byggjast verk hennar á einföldum umbreytingum innan frá, sem eru þó mun flóknari í útfærslu en ætla mætti af útlitinu einu saman.

Undirritaður náði Katrínu Sigurðardóttur í mýflugumynd á Hótel Borg og innti hana eftir gangi mála. Hún var þá tiltölulega nýkomin frá Basel í Sviss, þar sem hún sýndi á LISTE, á vegum Gallerí Maze í Torino, á Ítalíu, en LISTE er hliðarmessa við Art Basel messuna sem að þessu sinni haldin í 35. sinn. Á LISTE sýnir mjög stranglega valinn hópur ungra gallería allstaðar að úr heiminum og er áherslan á þessari messu lögð á vaxtabroddinn í samtímamyndlist.

Konur sem segja sex

En hvað varstu að sýna á messunni í Basel?

„Ég var með tvo litla skúlptúra, annar er skyldur landslagskössunum í Listasafni Íslands og hinn er fyrirrennari verksins sem ég er að vinna að fyrir Listasafn Reykavíkur. Einnig var ég með nokkrar teikningar, úr sömu myndröð og ég sýndi í Fondazione Sandretto Re Rebaudengo í Torino. Það var mér kærkomið að þessi teiknisýning mín í apríl og maí, féll saman við sýningu á verkum Carol Rama, annars staðar í safninu. Það var hrein opinberun að kynnast verkum þessarar frábæru listakonu og sér í lagi verkum hennar frá millistríðsárunum. Þetta var á tímum fasistastjórnar á Ítalíu og það er greinilegt að Rama hefur verið afskrifuð sem geðsjúklingur. En í dag sér maður verk hennar í mun bjartara ljósi, þau eru hreint frábær og langt á undan sinni samtíð.“

Á meðan við dreipum á teinu og kaffinu á Borginni berst talið nánar að þessari merkilegu, ítölsku listakonu, sem fæddist í Torino í lok heimsstyrjaldarinnar fyrri og lifir enn, komin hátt á níræðisaldurinn, nýbúin að fá gullna ljónið í Feneyjum 2003, fyrir ævistarf sitt. Katrín viðurkennir að Rama sé meðal þriggja eftirlætislistamanna sinna. Hinir séu þær Louise Bourgeois og Yayoi Kusama. Hún bendir á það að þótt aðferðir þeirra séu gjörólíkar hennar eigin sé það hetjuleg köfun þeirra í eigið hugskot sem heilli hana. Við veltum fyrir okkur hvort þær Bourgeois og Kusama hafi yfirleitt þekkt Carol Rama og verk hennar. Svo merkilega vill þó til að þær þrjár eru náskyldar, ekki aðeins hugmyndlega heldur einnig hvað varðar efnistök. Þó vill Katrín meina að Rama hafi verið þeirra fyrst að brjóta blað með byltingarkenndum teikningum sínum og vatnslitamyndum frá því fyrir stríð.

Bourgeois fór ekki að sýna að ráði fyrr en upp úr 1950, og sálræn og kynferðisleg yrkisefni hafi ekki komið í ljós fyrr en á sjöunda áratugnum. Carol Rama hefur því að hennar mati vinninginn í tíma. En auðvitað sé erfitt að gera upp á milli þeirra að öðru leyti því með kynngimögnuðum hætti hefur þessum þremur konum tekist að snúa innhverfunni út og gera viðkvæmni og veikleika sína að djörfung og styrk. Þær eru því ekki ónýtar sem fyrirmyndir.

Minnið og veruleikinn

En víkjum aftur að höggmyndunum sem þú sýndir í Basel. Ef þær eru eitthvað í líkingu við töskuna góðu með görðunum hljóta þær að vera góðar?



Farmur/Haul III *Prívíddarverk frá 2004.*

„Listastefnan í Basel er auðvitað sölusýning og mér fannst við hæfi að vera með verk sem ekki væru of fyrirferðarmikil og gerðu sig vel í þessu samhengi. Eins og taskan eru þetta kassalaga verk sem falla út og brotna upp með ýmsu móti og verða þá að einhvers konar lauslega samhangandi landslagi.“

Í ferðatöskunni leyndust garðar frá borgum þar sem þú hafðir alið manninn?

„Í þessum tösku- og kassaverkum blanda ég